



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2020

Efni: Áætlanir um byggingu alþjóðlegs flugvallar við ósa Tagus-árinnar í Portúgal

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar vil ég benda á þá hættu sem steðjar að mikilvægu fuglasvæði í Portúgal. Þetta svæði eru ósar Tagus-árinnar við Lissabon. Áætlanir eru um byggingu flugvallar í ósnum (Montijo Airport). SPEA systurfélag Fuglaverndar í Portúgal hefur beitt sér hart gegn þessum fyrirhuguðu framkvæmdum og stendur í málaferlum vegna þeirra. Aðstæður eru allar sérkennilegar, svæðið nýtur verndar skv. portúgölskum lögum og er á lista sem Ramsar-svæði, samt sem áður ætla stjórnvöld að knýja þetta fram.

Ósar Tagus-árinnar eru mikilvægasta votlendissvæði í Portúgal. Um 300 þúsund votlendisfuglar fara þar um vor og haust, um 200 þúsund fuglar hafa þar vetursetu og verndargildi þessa svæðis er mjög hátt í alþjóðlegum samanburði. Þetta svæði snertir beint fuglaverndarhagsmuni hér á landi þar sem nokkrar af vaðfuglategundum okkar fara þar um vor og haust og íslenskir jaðrakanar hafa þar vetursetu.

Fuglavernd hefur nú þegar viðrað þessar áhyggjur sínar við þarlend stjórnvöld og sent bréf til forsætisráðherra og forseta Portúgal og eru þau meðfylgjandi. Fuglavernd vill hvetja umhverfis- og auðlindaráðherra til að hafa samband við herra João Pedro Matos Fernandes, umhverfisráðherra í ríkisstjórn Portúgals, og lýsa áhyggjum umhverfisfyrivalda á Íslandi vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Ólafur K. Nielsen, formaður Fuglaverndar